



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu mánudaginn 29. apríl 2013 kl 19:00

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMF Stjörnunnar, Sigurður Bjarnason aðalstjórn, Þorsteinn Þorbergsson aðalstjórn, Viðar Erlingsson aðalstjórn, Ragnheiður Traustadóttir handknattleiksdeild, Almar Guðmundsson knattspyrnudeild, Hilmar Júlíusson körfuknattleiksdeild, Ágústa Jóhannsdóttir fimleikadeild og Hannes Árnason sunddeild. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
2. Aðalfundur UMF Stjörnunnar
  - Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 14. maí. Deildir eru hvattar til að ljúka skýrslugerð og skila til framkvæmdastjóra ásamt tilnefningum til viðurkenninga.
3. Samstarfssamningur UMF Stjörnunnar við SL1 ehf (Sportland)
  - Samningurinn lagður fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn.
4. Erindisbréf stjórnarmanna deilda
  - Framkvæmdastjóri kynnti drög að erindisbréfi stjórnarmanna.
5. Umræða um erindisbréf stjórnarmanna og staðlaða samninga
  - Framhald af umræðu frá síðasta fundi.
  - Nauðsynlegt að hugsa heildstætt um verkaskiptingu innan félagsins og skilin milli sjálfbóðaliða og launaðra starsmanna.
  - Mikilvægt að skilgreina þjónustu skrifstofu félagsins og samræma verklag milli deilda. Aukið starfsmannahald leiðir til aukins kostnaðar sem á endanum lendir á deildum.
  - Mikilvægt að skoða sérstaklega innheimtu- og markaðsmál.
  - Deildir eru hvattar til að ræða málin innan sinna vébanda og koma formlegum athugasemdum til framkvæmdastjóra.
  - Samræmt „útlit“ og kynningarefni félagsins gæti verið góður kostur.
  - Haldið verði áfram vinnu við staðlaða samninga félagsins v þjálfara, leikmanna, styrktaraðila
6. Önnur mál
  - Formaður aðalstjórnar vakti athygli á frábærum árangri félagsins á mörgum vígstöðvum. „Við getum verið stolt af því að vera Stjörnumenn“.
  - Formaður mannvirkjanefndar kynnti fyrirhugaðan fund næstu skref varðandi Mannvirkjamál. Mikilvægt er að deildir skjalfestir óskir sínar um verkefni næstu ára. Það kemur síðan í hlut aðalstjórnar félagsins að forgangsraða óskunum og koma þeim á framfæri við bæjaryfirvöld.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.

Ritað PGr